
Ársskýrsla Garðasels haust 2016 – haust 2017

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

4.gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15. og 16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitastjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu.

Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv.7.gr. laga nr. 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Starfið síðasta leikskólaár.....	3
Starfsáætlun	3
Vinnustundir	3
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður	4
Próunarstarf og nýbreytnistarf	4
Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	6
Kynning á leikskólanum.....	10
Fundir s.s. fundir allra starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara, deildarfundir, samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólustjóra	11
Skipulagsdagar.....	12
Foreldrasamstarf	13
Áherslur og markmið	13
Foreldrafundir - foreldraviðtöl - fréttabréf.....	14
Foreldrafélag	14
Samstarf – fræðsla – ráðgjöf	15
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila	15
Starfsmannasamtöl	15
Samstarf við grunnskóla Reykjanesbæjar	16
Nemar frá Háskóla Íslands	16
Öryggismál	17
Endur- og símenntun starfsmanna.	17
Ytra mat Menntamálastofnunar	19
Lokaorð.....	20

Almennar upplýsingar

Garðasel, Hólmgarði 4

sími 420-3160

Netfang : gardasel@leikskolinngardasel.is

Veffang: <http://www.leikskolinngardasel.is/>

Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: B. Sif Stefánsdóttir

Heilsuleikskólinn Garðasel er fjögurra deilda með sveigjanlegum vistunartíma, frá 4 tímum og upp í 9 tíma vistun. Leikskólinn Garðasel tók til starfa árið 1974. Í skólanum dvöldu 97 börn á aldrinum 2ja–6 ára. Leikskólinn er aldursskiptur og er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi aldurs barnanna. Á vesturgangi eru deildirnar Lundur fyrir 2ja ára börn og Þúfa fyrir 3ja ára börn. Á Austurgangi eru deildirnar Hvammur fyrir 4 ára börn og Varða fyrir 5 ára börn. Leikskólinn er opinn frá 7:30–17:15. Flatarmál húsa er 821,4 ferm., nettóstærð leikrýmis er 366,1 ferm., flatarmál lóðar er 4.251 ferm. og leiksvæðið er 2.904 ferm.

Uppeldisstarf, áherslur og markmið

Í leikskólanum Garðaseli er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/208 og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011. Leikskólinn er fyrir börn á skólaskyldualdri, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Garðasel er með það að markmiði að:

Efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir hvers og eins í gegnum leikinn, ásamt því að auka gleði og vellíðan barnanna. Þar er einnig lögð áhersla á næringu, hreyfingu og skapandi starf.

Leiðir okkar til að ná þessum markmiðum eru þessar:

- Við leggjum áherslu á að börnin fái hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat þar sem flestallt er unnið frá grunni og hörð fita, sykur og salt eru í lágmarki.
- Við leggjum áherslu á fjölbreyttar á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir inni sem úti, þar sem andleg og líkamleg vellíðan er í fyrirrúmi, gleði, snerpa og þor.
- Skapandi starf er ríkjandi í leikskólanum, unnið er með fjölbreyttan efnivið innan dyra sem utan.
- Áhersla á læsi í víðasta skilningi: Að börnin séu læs á umhverfi sitt, að ritmálið sé sýnilegt, eflum lesskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund.
- Áhersla á stærðfræði: Að börnin þekki tölutáknin, stærðfræðihugtökin, formin, stærð, fjölda og að tölutáknin séu sýnileg.
- Unnið er markvisst með könnunarleikinn með yngsta árgangi leikskólans.

Í skólanámskrá leikskólans sem er á heimasíðunni er hægt að kynna sér nánar stefnu skólans, starfsaðferðir okkar og annað sem við bjóðum uppá.

Einkunnarorð leikskólans eru: Hreyfing, virðing, næring, skapandi starf.



Starfið síðasta leikskólaár

Starfsáætlun

Ársáætlun/skóladagatali fyrir árið 2016-2017 var fylgt vel eftir og stóðst í nær alla staði. Unnið var að undirbúningi fyrir veturinn á starfsmannafundum og deildarstjórafundum. Unnið var eftir starfsáætlun sem inniheldur markmið og leiðir út frá áherslum hvers árgangs.

Í upphafi skólaárs var skóladagatal Garðasels kynnt fyrir kennurum og foreldrar fengu skóladagatalið sent heim (sjá Skóladagatal).

Vinnustundir

Í leikskólastarfi er mikilvægt að leggja áherslu á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum.

Vikuáætlanir

Á öllum deildum er unnið eftir vikuáætlun sem sniðin er eftir aldri og áherslum fyrir hvern árgang. Þar er markviss unnið eftir áherslum sem leikskólinn hefur sett sér til að efla læsi og stærðfræði allra barna.

Leikur að læra

Í Garðaseli er mikið unnið með hreyfingu í leik og starfi. Haustið 2016 hóf leikskólinn innleiðingarferli þar sem aðferðin Leikur að læra (LAL) er notuð til að kenna öll bókleg fög í gegnum hreyfingu, leiki og skynjun. Starfsfólk hefur farið á námskeið í aðferðinni og eru aðferðir LAL notaðar í hópastarfi í hverri viku, í samverustundum tvisvar í viku og einnig eru foreldraverkefni á hverri deild tvisvar í viku þar sem foreldrar og börn leysa stuttar þrautir í fataklefunum þegar komið er í leikskólann.

Könnunarleikur

Með yngsta árgangi (2ja-3ja ára) er unnið með könnunarleikinn (Heuristic play with objects) sem er góð aðferð fyrir yngstu börnin til að rannsaka umhverfi sitt. Undirstaða þessara rannsókna þeirra byggist fyrst og fremst á þeirra eigin forvitni og skynjun. Umhverfi þeirra er líka skipulagt á tiltekinn hátt, þannig að það ýti undir og styðji við könnunarpörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, sleikja og hlusta. Einnig gera þau tilraunir, m.a. í jafnvægi, rými og afstöðu.

Markmiðið með könnunarleiknum er:

- að koma til móts við þá miklu þörf barnanna að rannsaka og uppgötva hvað þau geta gert með mismunandi hluti

-
- að barnið fái tækifæri til að skoða hluti og tengja þá sínum reynsluheimi
 - að börnin hafi fjölbreytni í hlutum til þess að geta stundað rannsóknir sínar.

Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat á starfi skólans er tekið fyrir á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Starfið í heild sinni er endurskoðað í lok starfsárs og kannað jafnframt hvort áætlanir hafi verið raunhæfar og árangursríkar. Foreldrasamtöl fóru fram haust 2016 og vor 2017 og kom fram almenn ánægja meðal foreldra með starfið í leikskólanum. Aðstoðarleikskólastjóri gerir ársskýrslu fyrir hvert skólaár en þar er að finna upplýsingar um flest hvað varðar síðasta starfsár skólans. Einnig gerir skólinn skóladagatal þar sem starfsemi og annað sem tengist skipulagi skólans er fyrirfram ákveðið og deildarnar skiptast á að gera starfsáætlun fyrir tvo mánuði í senn til að vinna saman að markmiðum hvers mánaðar, skipuleggja sönglög fyrir fagnaðarfundi og fleira.

Leikskólinn nýtir sér ýmis matstæki s.s. :

- **Heilsubók barnsins (frá Samtökum Heilsuleikskóla)**
- **Gátlisti Heilsuleikskóla (frá Samtökum Heilsuleikskóla)**
- **Hljóm-2 sem er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna**
- **MOT hreyfiproskapróf**
- **Íslenska þroskalistann**
- **Íslenska smábarnalistann**
- **Matslista frá sálfræðingum á vegum Fræðsluskrifstofu.**
- **Ofvirkniskvarði fyrir 4 ára og eldri**
- **Ofvirkniskvarði fyrir 4 ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða**
- **EFI-2 (málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári)**

Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári. Þetta eru einkaviðtöl leikskólastjóra og viðkomandi starfsmanns og er fyllsta trúnaðar gætt. Í starfsmannaviðtölum er m.a. farið yfir líðan starfsmanns í vinnunni og samskipti við börn og samstarfsfólk. Einnig er rætt um óskir starfsmanns í sambandi við símenntun.

Deildarstjóráviðtöl eru einkaviðtöl deildarstjóra við starfsfólk deildarinnar og fara þau fram einu sinni á ári. Þar fá starfsmenn tækifæri til að ræða málefni sem varða deildina auk þess að koma með óskir um símenntun.

Þróunarstarf og nýbreytnistarf

Leikur að læra

Haustið 2016 hóf Garðasel innleiðingarferli með Kristínu Einarsdóttur, höfundi kennsluaðferðarinnar Leikur að læra. Leikur að læra er aðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á

skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra er að mestum hluta kennarastýrður leikur en frjálsi leikurinn fær sitt rými.

Gátlistar heilsuskólanna

Samtök Heilsuleikskóla hafa útbúið gátlista fyrir alla Heilsuleikskóla sem eiga að stuðla að auknu gæðastarfi meðal skólanna. B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri tók þátt í gerð gátlistanna. Á vormánuðum 2017 fylltu allir starfsmenn Garðasels út gátlista fyrir sína deild.

Næringarstefna heilsuleikskóla

Samtök Heilsuleikskóla hafa unnið að næringarstefnu fyrir leikskóla Heilsustefnunnar. B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri tók þátt í að yfirfara næringarstefnuskjalið.

Heilsueflandi samfélag

Kynningarfundur Landlæknisembættis vegna heilsueflandi samfélags var haldið í Akurskóla mánudaginn 7. nóvember 2016. Stjórnendur Garðasels kynntu sér áhersluatriði heilsueflandi samfélags. Miðvikudaginn 22. mars var haldinn vinnufundur í Hljómahöll þar sem meðal annars fulltrúar frá leik- og grunnskólum á Suðurnesjum mættu til að fara yfir áherslur heilsueflandi samfélags. Ingibjörg Guðjónsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir sátu fundinn.

Leið til læsis

Grunnskólar Reykjanesbæjar nota skimunina Leið til læsis og er hún lögð fyrir 1. bekkjar nemendur í október ár hvert. Kennarar fyrsta bekkjar hafa síðan boðað fulltrúa frá leikskólum til að kynna sér niðurstöður barnanna sem voru við nám í leikskólanum fyrir ári. Njarðvíkurskóli og Heiðarskóli buðu til fundar og kynntu sínar niðurstöður fyrir stjórnendum Garðasels.

Samstarf leik- og grunnskóla

Unnið hefur verið að endurmati á samstarfi leik- og grunnskólanna í Reykjanesbæ og teymishópur myndaður til að auka skilvirkni í öllum skólunum. B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri var fulltrúi leikskólanna í teymisvinnunni. Útbúinn var bæklingur til að dreifa til foreldra þar sem fram koma helstu áherslur í samstarfi skólastiganna. Einnig var útbúinn bæklingur fyrir kennara skólastiganna beggja þar sem fram kemur hvaða heimsóknir eru áætlaðar fyrir alla leik- og grunnskóla.

Samstarf með Ásthildi Bj Snorradóttur talmeinafræðingi

Samstarfið gengur út á það að öll börn í leikskólum sveitarfélagsins nái hámarksárangri hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólum skili börnunum betur undirbúningnum inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Fjóla Ævarsdóttir deildarstjóri og B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri eru fulltrúar leikskólans Garðasels í samstarfinu. Kynningarfundur var haldinn föstudaginn 10. mars 2017. Rannveig Arnarsdóttir og Sif sátu fundinn. Fjóla og Sif hafa einnig kynnt verkefnið fyrir starfsfólki leikskólans auk þess að vinna að sameiginlegum verkefnum sem verkefnið býður upp á.

Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

2016

Ljósanótt

Ljósanótt var sett fimmtudaginn 1. september við Myllubakkaskóla. Elstu börnin í leikskólum Reykjanesbæjar voru við setninguna ásamt grunnskólanemendum bæjarins. Í þetta sinn var sungið, leikið með risablöðrur í einkennislitum skólanna og ljósanæturfáninn dreginn að húni. Friðrik Dór kom einnig og skemmti öllum með söng og gítarspili.

Ljósanæturball

Föstudaginn 2. september var haldið Ljósanæturball í salnum þar sem börn og starfsfólk dansaði við skemmtilega tónlist í tilefni af Ljósanæturhátíðinni í bænum.

Alþjóðadagur læsis

Alþjóðadagur læsis var fimmtudaginn 8. september. Í tilefni af deginum fengu börnin að koma með bók að heiman og að sjálfsögðu var mikið lesið fyrir börnin í Garðaseli.

Dagur íslenskrar náttúru

Elstu börn leikskólans fóru í Gryfjuna föstudaginn 16. september, á degi íslenskrar náttúru. Þar voru gróðursettar trjáplöntur og nemendur úr Heiðarskóla voru einnig viðstaddir. Í tilefni af degi íslenskrar náttúru fóru yngri börnin í vettvangsferðir, meðal annars í „Trúðaskóg“ við Vatnsholt, bæði til að skoða umhverfið og einnig til að finna áhugaverðan efnivið í náttúrunni.

Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar

Garðasel tók sem fyrr þátt í heilsuvíkunni 3. - 9. október sem Reykjanesbær stóð fyrir. Skólinn stóð fyrir inniþróttadegi þar sem foreldrum og öðrum bæjarbúum var boðið að koma og taka þátt með börnunum sínum og fengum við fjölmarga gesti til okkar. Farið var í lengri og styttri vettvangsferðir og í skemmtilega hreyfileiki á deildunum þar sem aðferðir LAL (Leikur að læra) voru óspart notaðar. Tveir elstu árgangarnir heimsóttu hreystivöllinn og síðar í mánuðinum fóru þau í fimleikaakademíuna.

Inniþróttadagur

Hinn árlegi íþróttadagur var haldinn 5. október og sá íþróttakennari leikskólans um að setja upp stöðvar og tæki. Foreldrum og öðrum bæjarbúum var boðið í heimsókn þennan dag.

Samstarf um eldvarnir og fræðslu

Brunavarnarfræðsla hófst í Garðaseli 29. september og lauk í maímánuði. Sérstök áhersla var lögð á fræðslu meðal útskriftarnemenda leikskólans. Börnin kynntust meðal annars slökkviálfunum Loga og Glóð og fengu sérstaka möppu tengda þessu efni ásamt fleiru skemmtilegu. Meðal annars fóru börnin í eftirlitsferðir um leikskólann til að kanna hvort brunavarnir væru viðunandi. Í byrjun maí kom fulltrúi frá Brunavörnum Suðurnesja og afhenti elstu börnum viðurkenningarskjöl fyrir veturinn og í leiðinni fengu börnin að skoða slökkviðliðsbílinn.

Bleiki dagurinn

Föstudaginn 14. október héldum við upp á bleika daginn líkt og gert var á landsvísu og fengu börnin að mæta í skólann í einhverju bleiku í tilefni dagsins auk þess meðal annars að gæða sér á bleikri mjólk og bleikum hafragraut. Að auki var haldið dansi-ball í salnum þar sem bleikur litur var allsráðandi. Dagurinn var okkar leið til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum.

Alþjóðlegur bangsadagur 27. október

Börnin fengu að koma með bangsa í leikskólann í tilefni af alþjóðlegum bangsadegi sem haldinn var í leikskólanum fimmtudaginn 27. október.

Hrekkjavaka

Í tilefni af Hrekkjavökunni fengu börnin að koma í búning í leikskólann föstudaginn 28. október.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember ár hvert. Hann var haldinn hátíðlegur í leikskólanum miðvikudaginn 16. nóvember. Elsti árgangur skólans hélt skemmtun í sal skólans fyrir foreldra sína. Börnin sungu nokkur lög og fóru með talnaþulu. Foreldrum gafst kostur á að skoða verk barna sinna frá haustbyrjun ásamt námsgögnum sem notuð eru í vinnu með elstu börnunum. Börnin á Hvammi (f. 2012) buðu börnum fæddum 2013 og 2014 í heimsókn á deildina til sín. Þar var sungið og farið í skemmtilega hreyfileiki þar sem Lilli fugl mætti á svæðið.

Eins og síðustu ár var elsta árgangi Garðasels boðið á menningarstund í Heiðarskóla fimmtudaginn 17. nóvember. Nemendur í 1. og 2. bekk sungu nokkur lög og Garðaselsbörn sungu eitt lag fyrir gesti, einnig sungu elstu börnin á Heiðarseli eitt lag.

Myndataka

Við fengum við Oddgeir ljósmyndara til að koma til okkar og taka hóp- og einstaklingsmyndir af hverri deild fyrir sig líkt og gert hefur verið annað hvort ár. Oddgeir kom til okkar föstudaginn 18. nóvember 2016 og tókst myndatakan einkar vel.

Leikhúsaferð í Hljómahöllina

Þjóðleikhúsið bauð elstu nemendum leikskólans á leiksýninguna *Lofthræddi örninn Örvar*. Sýningin var haldin í Hljómahöll mánudaginn 21. nóvember 2016.

Piparkökubakstur

Piparkökubakstur var 29. og 30. nóvember, á yngri deildunum fyrri daginn og á eldri deildunum seinni daginn. Börnin notuðu meðal annars tölur og Numicon-stærðfræðiform til að búa til skemmtilegar og fjölbreyttar piparkökur.

Jóla-foreldrakaffi

Jóla-kaffi var föstudaginn 2. desember. Börnin buðu foreldrum sínum upp á kaffi og piparkökur sem þau bökuðu í nóvembermánuði.

Kirkjuferð

Kirkjuferð var farin 5. desember með börn fædd 2011 og 2012 ásamt börnum úr öðrum leikskólum í Reykjanesbæ. Þetta árið koma það í hlut barna á Heiðarseli að sjá um helgileikinn.

Jólaball foreldrafélagsins

Jólaball var haldið á vegum foreldrafélags Garðasels miðvikudaginn 7. desember í Holtaskóla. Dansað var kringum jólatréð og góðir gestir komu í heimsókn. Skjóða og jólasveinarnir héldu uppi stuðinu og börnin fengu gjöf frá jólasveinunum. Léttar veitingar voru í boði foreldrafélagsins og Nettó.

Jólaleikrit í Heiðarskóla

Elstu börnunum var boðið á jólaleikrit í Heiðarskóla 13. desember þar sem nemendur á unglíngastigi sýndu listir sínar í sal skólans í skemmtilegu jólaleikriti um Grýlu, Leppalúða og jólasveinana. Garðasel, Heiðarsel og 1. bekkingar skiptust á jólakortum eftir leikritið.

Jólasveinn í heimsókn

Foreldrafélag Garðasels bauð upp á heimsókn frá tveimur jólasveinum fimmtudaginn 15. desember. Þeir heimsótti krakkana inn á deildar og spjölluðu við þau auk þess sem þeir dönsuðu í kringum jólatréð með börnunum og buðu þeim upp á piparkökur.

Jólamatur og jólastund

Börnum og kennurum var boðið uppá hangikjöt með öllu tilheyrandi fimmtudaginn 15. desember. Jólafagnaður var haldinn í sal skólans, sungin voru jólalög og dansað í kringum jólatréð með jólasveinunum sem kíktu í heimsókn í boði foreldrafélagsins. Í síðdegishressingu var boðið upp á heitt súkkulaði, smákökur og mandarínur.

Jólapeysudagur

Föstudaginn 16. desember klæddu börn og starfsfólk sig upp og komu í jólapeysu eða í einhverju rauðu.

2017

Bóndadagur

Í tilefni bóndadags 20. janúar buðu börn og kennarar pöbbum og öfum í kaffi og smakk af þorramat.

Tannverndarvika

Fyrsta vika febrúar mánaðar ár hvert er helguð tannvernd. Markmiðið er að efla vitund barnanna og foreldra þeirra á mikilvægi góðrar tannheilsu. Í Garðaseli var unnið með efni tengt tannheilsu og börnin frædd um mikilvægi tannheilsu. Kjörorð tannverndarviku að þessu sinni var: „Hreinar tennur – heilar tennur“. Starfsfólk leikskólans endaði vikuna á því að sýna leikritið um Kárius og Baktus föstudaginn 3. febrúar. Við buðum til okkar á sýninguna tveimur tannlæknum og aðstoðarmönnum þeirra frá Tannlæknastofu Kristínar Geirmundsdóttur og fékk leikskólinn gjöf frá gestunum; brúðuna Daisý sem hefur heilar og hreinar tennur.

Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar er fyrsta föstudag í febrúarmánuði. Í tilefni dagsins var boðið upp á ýmis stærðfræðiverkefni á öllum deildum leikskólans.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er 6. febrúar ár hvert, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Félag leikskólakennara, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli áttu sameiginlega frumkvæði að því að festa þennan dag í sessi. Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs Reykjanesbæjar og Ingibjörg Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi kíktu í heimsókn til okkar og skoðuðu skólann. Til að halda upp á dag leikskólans fengu börnin að koma með leikföng að heiman. Einnig tók starfsfólk myndir af börnunum í starfinu og birti á netinu til að vekja athygli á því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Innidótadagur

Börnin fengu að koma með eitt leikfang að heiman í leikskólanum mánudaginn 6. febrúar 2017, á degi leikskólans.

Konudagur

Í tilefni af konudegi 19. febrúar buðu börn og kennarar mömmum og ömmum í konukaffi föstudaginn 17. febrúar frá 14:00 – 15:30. Boðið var uppá kaffi, mjólk, rúnstykki og köku í tilefni dagsins.

Bolludagur

Á bolludag 27. febrúar fengu börnin fiskibollur í hádegismat og einnig voru rjómabollur í síðdegishressingu.

Sprengidagur

Sprengidagur 28. febrúar: Saltkjöt og baunir í hádegismat.

Öskudagur

Öskudagur 1. mars: Gerðum okkur glaðan dag í skólanum. Börnin mættu í öskudagsbúningum og náttfötum og skemmtu sér og öðrum. Kötturinn var sleginn úr tunnunni og börnin fengu snakk að launum.

Páskaeggjaleit

Foreldrafélag Garðasels kom færandi hendi og gaf leikskólabörnum páskaegg. Föstudaginn 7. apríl voru eggjin falin víða um leikskólann og ríkti mikil eftirvænting og spennan hjá börnunum meðan á leitinni stóð.

Dagur einhverfu – Blár dagur

Styrktarfélag barna með einhverfu stóð fyrir styrktaráttakinu Blár apríl sem hefur það að meginmarkmiði að vekja athygli á málefnum einhverfra barna. Dagur einhverfu er 2. apríl ár hvert og bar upp á sunnudag þetta árið. Ungir sem aldnir voru hvattir til að klæðast bláu frá

toppi til táar þriðjudaginn 4. apríl og vildum við í Garðaseli styðja við þetta áttak með því að hvetja börn og starfsfólk til að klæðast bláu þennan dag.

Síðasti vetrardagur – Litadagur

Til hátíðarbrigða síðasta vetrardag, miðvikudaginn 19. apríl, mættu börn og kennarar í einhverju fjólubláu og var veturinn kvaddur og sumri fagnað í salnum með söng og gleði.

Dagur bókarinnar

Dagur bókarinnar er haldinn árlega þann 23. apríl og bar hann upp á sunnudegi þetta árið. Í tilefni af því fengu börnin að koma með bækur að heiman vikuna 24.-28. apríl og voru foreldrar einnig hvattir til að koma í leikskólann og lesa fyrir börnin, á sínu tungumáli.

Þemalok

Þemalok voru föstudaginn 28. apríl en þá lauk hinu hefðbundna vetrarstarfi. Öll börnin fóru í salinn og dönsuðu saman. Í hádeginu var boðið uppá pizzu sem elstu börnin völdu sér og ís í eftirrétt.

Listahátíð barna 2017

Listahátíð barna var haldin í Listasal Duushúsa dagana 4. maí - 21. maí. Yfirskrift sýningarinnar var *Dýrin mín stór og smá* og var formleg athöfn fimmtudaginn 4. maí. Boðsgestir voru börn úr elsta árgangi leikskóla Reykjanesbæjar og sungu þau ýmis dýralög fyrir gesti. Miðvikudaginn 17. maí kl. 10:00 skoðuðu deildirnar Varða, Hvammur og Þúfa sýninguna með kennurum sínum.

Útskriftarferð elstu barna

Farið var í útskriftarferð með elstu börnin föstudaginn 19. maí og fengu börnin að koma með hugmyndir um hvað gert væri í ferðinni. Farið var í Landnámsdýragarð Reykjanesbæjar. Börnin höfðu með sér nesti í tösku og borðuðu nestið í dýragarðinum. Eftir það var haldið í 88-húsið þar sem börnin fengu pizzuveislu frá Dominos og djús að drekka. Eftir matinn léku börnin sér í 88-húsinu, bæði úti og inni. Að lokum var lögreglustöðin heimsótt þar sem börnin fengu að skoða bíla lögreglunnar ásamt öðru áhugaverðu. Að lokum var haldið fótgangandi heim á leið eftir ánægjulega ferð.

Útskrift elstu barna

Útskrift og fagnaður var haldinn í sal skólans mánudaginn 22. maí. Nemendur sungu fyrir foreldra sína og buðu þeim í flottar veitingar á Vörðu. Nemendur fengu útskriftarskjöl og rós frá Garðaseli. Frá foreldrafélagi Garðasels fengu þau glæsilegt pennaveski ásamt blýanti og strokleðri.

Uppskeruhátíð leik- og grunnskólanna

Til stóð að hafa uppskeruhátíð leik- og grunnskólanna í Reykjanesbæ sem viðbót í nýju og bættu samstarfi skólanna. Þetta árið var hátíðinni aflýst, stefnt er að því að hafa slíka hátíð að ári.

Sameiginleg kveðjuveisla

Haldin var sameiginleg kveðjuveisla fyrir öll elstu börn leikskólans sem hefja grunnskólagöngu haustið 2017 föstudaginn 27. maí. Leikskólinn sá um veitingarnar; snakk og íspinna.

Umferðarskóli/lögregla

Fræðslufulltrúar frá Umferðarstofu voru með umferðarfræðslu fyrir elsta árgang í leikskólum Reykjanesbæjar á Heiðarseli mánudaginn 8. maí. Garðasel og Heiðarsel fengu umferðarfræðsluna saman, farið var yfir umferðarreglurnar og börnin fengu litabók að launum.

Hreyfivika Garðasels

Vikuna 12.-16. júní 2017 var hreyfivika í Garðaseli. Farið var í vettvangsferðir og einnig voru hinir árlegu hjóla- og útidótadagur og útiþróttadagur haldnir að venju. Öll börn fengu hreyfidagbók heim með sér til að skrá niður hreyfingu sem þau stunduðu á frítíma með

fjölskyldunni. Hreyfidagbókinni var svo skilað í leikskólann að lokinni hreyfiviku þar sem aðstoðarleikskólastjóri fór yfir bækurnar og reiknaði út fjölda hreyfistunda fjöldans.

Útiþróttadagur

Útiþróttadagur var haldinn í leikskólanum mánudaginn 12. maí. Settar voru upp ýmsar þrautir og stöðvar fyrir börnin.

Hjóladaður og útidótadagur

Hjóladaður var í leikskólanum fimmtudaginn 15. júní. Börnin fengu að taka hjólin sín eða annað útidót með sér í skólann og voru börnin afar ánægð með það.

Bókasafn Reykjanesbæjar

Farið var með elstu og næstelstu börn leikskólans í sögustundir Bókasafnsins reglulega í allan vetur.

Sumarstarf

Sumarstarf hófst í leikskólanum 1. júní og stóð til 30. júní. Eftirtaldir krókar voru í boði þetta sumarið í útivalinu:

- Smíðakrókur
- Listakrókur og krítar
- Sápukúlur og vatnssull
- Rólur og hjól

Sumarhátíð

Sumarhátíð Garðasels var haldin miðvikudaginn 22. júní. Mikið var um dýrðir þennan dag. Foreldrafélag bauð upp á atriði frá Leikfélagi Keflavíkur og einnig var hoppukastali í boði ásamt ýmsu öðru skemmtilegu. Boðið var upp á grillaðar pylsur og Svala fyrir alla. Foreldrafélagið var með sölusýningu á listaverkum barnanna.

Kynning á leikskólanum

- Nemendur úr 5. bekk í Heiðarskóla komu til okkar á alþjóðadegi læsis, fimmtudaginn 8. september og lásu fyrir nemendur Garðasels.
- Þrír nemar á uppeldisbraut í Fjölbrautaskóla Suðurnesja heimsóttu Garðasel 13. september, 20. september og 27. september og unnu verkefni í uppeldisfræðum.
- Í heilsu- og forvarnaviku Reykjanesbæjar 3. – 9. október buðu kennarar og börn Garðasels til sín foreldrum og öðrum bæjarbúum til að fylgjast með börnunum á inniþróttadegi leikskólans, miðvikudaginn 5. október.
- Alls sjö nemar úr Heiðarskóla komu í starfskynningu í Garðasel í tvö skipti hver og einn frá 16. nóvember til 7. desember.
- Kennarar úr 1. bekk í Heiðarskóla kynntu sér áherslur í starfi með elstu börnum Garðasels mánudaginn 17. október. Þær ræddu við aðstoðarleikskólastjóra, B. Sif Stefánsdóttur, og deildarstjóra elstu deildarinnar, Hrönn Guðmundsdóttur.
- Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs og Ingibjörg Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi komu í heimsókn mánudaginn 6. febrúar 2017 og hittu starfsfólk og kynntu sér starfið í leikskólanum.
- Nemi í uppeldisfræði frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja heimsótti Garðasel 21., 22. febrúar og 2. mars og vann verkefni í uppeldisfræðum.
- Starfsfólk leikskóla frá Marbakka í Kópavogi kom í heimsókn til okkar þriðjudaginn 21. mars til að kynna sér hvernig unnið er að framtíðarsýn leikskólanna í Reykjanesbæ. Deildarstjórnir Fjóla Ævarsdóttir og Rannveig Arnarsdóttir höfðu

kynningu á hvernig unnið er að því að efla læsi á leikskólastigi. Að lokum var aðstoðarleikskólastjóri Garðasels, B. Sif Stefánsdóttir, með kynningu á stærðfræði í leikskólastarfi.

- Leikskólinn tók þátt í listasýningu barna sem haldin var í Duushúsum dagana 4. maí - 21. maí 2017.
- 1. bekkur Heiðarskóla heimsótti okkur í vetur; börnin léku sér á útisvæði og skoðuðu skólann að vild.
- Starfsfólk frá leikskólanum Vinagerði í Reykjavík og 5 starfsmenn frá leikskólanum Suðurvöllum í Vogum heimsóttu Garðasel föstudaginn 26. maí og kynntu sér skólann auk þess að fá fyrirlestur um hvernig unnið er með LAL (Leikur að læra) í starfi leikskólans. Deildarstjórnarnir Fjóla Ævarsdóttir og Rannveig Arnarsdóttir sáu um kynninguna.
- Fjölmargir foreldrar, starfsfólk annarra leikskóla og ýmsir aðrir hafa skoðað sérkennsluna hjá okkur í vetur, kynnt sér starfið og þær aðferðir sem verið er að nota með börnum með sérþarfir.

Fundir s.s. fundir allra starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara, deildarfundir, samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

- **Starfsmannafundir** (skertir dagar) voru tveir á haustönn frá kl.8:00-10:00 og tveir á vorönn, frá kl. 8:00-10:00. Þá hittist allt starfsfólkið og bar saman bækur sínar; lagði mat á starfsemi síðasta mánaðar og skipulagði næstu mánuði og ýmis önnur mál.
- **Deildarfundir** eru í beinu framhaldi af starfsmannafundum. Þar eru mál deildanna rædd s.s. um vinnutilhögun, samræmingu og samskipti. Þess utan er fundað um málefni deilda ef þurfa þykir.
- **Deildarstjórafundir** voru fimmtán alls þetta skólaárið, allir á vinnutíma. Þar ræða saman allir deildarstjórar ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þar er ýmsum skilaboðum og áherslubreytingum komið á framfæri. Fundargerð eftir hvern fund er dreift á allar deildir fyrir annað starfsfólk leikskólans.
- **Einn fagfundur** var þetta árið, á vinnutíma.
- **Samráðsfundir** leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru inni í daglega starfinu og eins oft og þurfa þykir.
- **Leikskólafulltrúi** heldur einn til tvo fundi á ári með aðstoðarleikskólastjórum Reykjanesbæjar.
- **Fagfundir leikskólafulltrúa og leikskólastjóra í Reykjanesbæ** eru haldnir einu sinni í mánuði yfir skólaárið á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar / í Fjölskyldusetrinu.
- **Fundir með sérkennurum.** Ágústa Björgvinsdóttir sérkennslustjóri sér um fundi sem heyra undir sérkennslu eins og skilafundi og skýrslugerð. Reglulegir fundir eru haldnir með sérkennslustjórum og talmeinafræðingum á Fræðsluskrifstofu í umsjón Kolfinnu Njálsdóttur sérkennsluráðgjafa.
- **Undirbúningstímar** deildarstjóra eru fimm klst. á viku miðað við fullt starf. Undirbúningstímar leikskólakennara í fullu starfi eru einu sinni í viku, fjórar klst. í senn, tvær klst. fyrir leikskólakennara í hálfu starfi. Starfsmaður kemur og leysir leikskólakennarann af á meðan. Leiðbeinendur eiga rétt á undirbúningstíma einu sinni í viku, tvær klst. í senn miðað við 100% starf.

Skipulagsdagur

Skipulagsdagur 19. september 2016

Fyrir hádegi var haldið námskeið í kennsluaðferðinni Leikur að læra (LAL) sem Kristín Einarsdóttir, höfundur aðferðarinnar, sá um. Eftir hádegismat var fyrri hluti af tveimur um uppeldisaðferðina *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri sá um námskeiðið. Reykjanesbær stendur fyrir því að innleiða þessa aðferð í leikskólum bæjarins og boðið hefur verið upp á námskeið fyrir foreldra þar sem kennarar leikskólanna með réttindi til kennslu í aðferðinni hafa séð um.

Skipulagsdagur 25. nóvember 2016

Skipulagsdagurinn hófst fyrir hádegi með seinni hluta námskeiðsins um uppeldisaðferðina *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Eftir hádegi var fjallað um ýmis mál og einnig var kynning á vináttuverkefni Barnaheillar; Vinátta, sem Ruth Kristjánsdóttir, Birna Ómarsdóttir og Anna María Sanders sögðu frá og leyfðu starfsfólkinu að spreyta sig á. Námskeiðið var haldið á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði í ágúst. Að lokum voru deildarfundir á öllum deildum þar sem farið var í ýmis mál er varða hverja deild fyrir sig.

Skipulagsdagur 2. janúar 2017

Skipulagsdagurinn fór í ráðstefnu LAL (Leikur að læra) þar sem allir leik- og grunnskólar sem nota LAL- aðferðina komu saman. Hver og einn starfsmaður valdi sér þrjár málstofur sem boðið var upp á þennan dag. Kristín Einarsdóttir, höfundur aðferðarinnar, sá um skipulagningu dagsins ásamt öðrum kennurum frá LAL. Linda Hlín Heiðarsdóttir, starfsmaður Garðasels, stýrði einni málstofunni ásamt þremur öðrum þar sem hún kynnti ýmsar hugmyndir sem hægt er að nýta sér í leik með börnum þar sem LAL-aðferðin er notuð. Auk þess var fyrirlestur fyrir alla sem Elsa Pálsdóttir, læsisráðgjafi hjá MMS, sá um. Fyrirlesturinn fjallaði um læsi og og annað nám í leikskóla – „Í leikskóla er gaman – þar læra allir saman“.

Skipulagsdagur 16. mars 2017

Skipulagsdagurinn hófst á skyndihjálparnámskeiði sem Rúnar Helgason á vegum Rauða kross Íslands hélt fyrir starfsfólk leikskólans. Námskeiðið var frá 8-12. Eftir hádegi var starfsmannafundur þar sem farið var yfir ýmis mál. Einnig var aðstoðarleikskólastjóri, B. Sif Stefánsdóttir, með upprifjun í námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Einnig var deildarfundur á öllum deildum þar sem starfsfólk fyllti meðal annars út gátlista heilsuleikskóla sem nýverið voru teknir í gagnið og á að fylla út framvegis einu sinni á ári.

Skipulagsdagur 15. maí 2017

Skipulagsdagurinn hófst á því að stjórnendur skólans fjölluðu um ýmist almenn mál er varða leikskólann og starfsfólk. Einnig var aðstoðarleikskólastjóri, B. Sif Stefánsdóttir, með upprifjun í námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Fjóla Ævarsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir kynntu samstarfsverkefni leikskólans með Reykjanesbæ, leikskólum og talmeinafræðingnum Ásthildi Bj. Snorradóttur. Í kjölfarið var hópavinna meðal starfsfólks í sambandi við verkefnið. Eftir hádegi fjallaði Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri um Heilsuefandi samfélag og næstu verkefni Garðasels á leið sinni til að verða heilsuefandi leiksskóli. Að lokum voru deildafundir þar sem endurmat eftir veturinn var á dagskrá auk þess að undirbúa fyrir komandi vetur.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náíð samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna.

Leikskólakennarar/leiðbeinendur þurfa að þekkja heim barnanna utan leikskólans, fyrri reynslu þeirra, heimilisaðstæður og uppeldisviðhorf foreldranna. Þeir þurfa að kynnast vandamálum barnanna heima fyrir og vita hvernig brugðist er við þeim þar. Slíkar upplýsingar auka skilning leikskólakennara/leiðbeinanda á ýmsu atferli barnanna í leikskólanum. Á sama hátt þurfa foreldrarnir að fá vitneskju um hvernig börnunum vegnar í leikskólanum og kynnast uppeldisstarfinu þar.

Í aðalnámskrá leikskóla segir:

Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.

Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.

Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.

Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna. *Dagleg samskipti* þurfa að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur.

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu. Hvatt er til *þátttöku* fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Leitast skal við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mati. Leikskólakennarar

ígrunda og meta sjónarmið barna og framlag foreldra til leikskólastarfsins. Með fagmennsku sinni bera þeir ábyrgð á að skipulag starfsins taki mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma.

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Foreldrafundir - foreldraviðtöl - fréttabréf

- Hagnýtur bæklingur er sendur heim til foreldra barna sem eru að byrja í leikskólanum.
- Þegar barnið byrjar í leikskóla eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá leikskólastjóra og deildarstjóra/leikskólakennara. Þar er skipst á upplýsingum um barnið, hvernig aðlögun þess verði háttáð og fleira.
- Foreldraviðtöl fóru fram 31. október – 10. nóvember og 18. - 21. nóvember 2016 og 24. apríl – 8. maí 2017. Þar var farið yfir Heilsubók barnsins sem er matstæki Heilsuleikskóla og með þeim skráningum fengu foreldrar upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnaði í félagahópnum. Farið var yfir Hljóm-2 athugun hjá elsta árgangi auk þess sem farið var yfir aðrar kannanir sem gerðar eru á elstu nemendum leikskólans.

Foreldrafélag

Á Garðaseli er starfandi foreldrafélag. Í stjórn eru um átta manns, einn til tveir úr hópi foreldra af hverri deild og einn úr hópi kennara Garðasels.

Í foreldrafélagi Garðasels skólaárið 2016-2017 voru :

Formaður: Hildur Bára Hjartardóttir

Varaformaður og ritari: Anna Margrét Björnsdóttir

Gjaldkeri: Rut Sigurðardóttir

Meðstjórnendur: Guðlaug Jónasdóttir, Sigríður Dögg Arnadóttir og Magnús Ólafsson.

Tengiliður: B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Garðasels.

Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð barna á Garðaseli og efla samvinnu heimilanna og leikskólans. Félagið hefur séð um jólaböll, gefið börnunum páskaegg, farið í sveitaferð, haldið kökubasar, boðið upp á fyrirlestra, staðið að útgáfu á söngbók, haldið þrífund á útisvæði leikskólans ásamt því að selja boli, dagatöl, flíspeysur og fleira. Öllum tekjum félagsins er varið í eitthvað skemmtilegt og uppbyggjandi fyrir börnin. Eins og er kunnugt er lögð mikil áhersla á hreyfingu barna í Garðaseli og hefur foreldrafélagið lagt sitt að mörkum til að efla þann þátt t.d. með kaupum á leiktækjum og áhöldum. Síðastliðin ár hefur Garðasel og foreldrafélag Garðasels sameinast um að sjá um sumarhátíð sem haldin er ár hvert.

Aðalfundur foreldrafélags Garðasels var haldinn þriðjudagskvöldið 18. október. Foreldrafélagið bauð upp á áhugaverðan og faglegan fyrirlestur sem Sigga Dögg kynfræðingur hélt. Farið var yfir starfsemi félagsins starfsárið 2015-2016, ársreikningur lagður fram og stjórn félagsins kynnt auk þess sem nýir meðlimir voru boðnir velkomnir. Helstu verkefni foreldrafélagsins á starfsárinu:

-
- Hélt jólaball í Holtaskóla miðvikudaginn 7. desember sem tókst með miklum ágætum Skjóða og jólasveinarnir sáu um að skemmta börnunum og börnin fengu glaðning frá jólasveinunum
 - Gáfu börnunum páskaegg
 - Gáfu útskriftarnemum Garðasels pennaveski ásamt blýanti og strokleðri á útskriftardegi þeirra 22. maí
 - Stóð að sölusýningu á verkum barnanna á sumarhátíð skólans sem haldin var 22. júní
 - Buðu upp á skemmtidagskrá á sumarhátíð Garðasels, frá leikfélagi Keflavíkur
 - Buðu leikskólastarfsfólkinu upp á veitingar fyrir jól og sumarfrí
 - Stóðu fyrir þrif- og vinnudegi í Garðaseli þriðjudaginn 13. júní 2017
 - Máluðu þrautabrautir, París og fleira á leiksvæði leikskólans í byrjun sumars 2017.

Foreldraráð Garðasels

Í foreldraráði Garðasels 2016-2017 sátu Telma T. Guðlaugsdóttir og Halldóra Ríkey Júlíusdóttir ásamt Ingibjörgu Guðjónsdóttur leikskólastjóra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir sbr. 2.mgr. 4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Samstarf – fræðsla – ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar. Sviðsstjóri fræðslusviðs er Helgi Arnarson. Leikskólafulltrúi er Ingibjörg B Hilmarsdóttir. Hún hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Sérkennsluráðgjafi er Gyða Arnmundsdóttir og hefur hún yfirumsjón og veitir ráðgjöf ásamt Kolfinnu Njálisdóttur vegna sérkennslu til starfsfólks og foreldra. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar hafa aðgang að sérfræðiaðstoð á vegum skólaskrifstofu. Á hennar vegum eru starfandi talmeinafræðingar og sálfræðingar. Sími á Fræðslusviði Reykjanesbæjar er 421-6700. Einnig fáum við ráðgjöf frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins, Þroskahjálp á Suðurnesjum, Svæðisskrifstofu Reykjaness, Talþjálfun Reykjavíkur og Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar eins og þörf er á.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári. Þetta eru einkaviðtöl leikskólastjóra og viðkomandi starfsmanns og er fyllsta trúnaðar gætt. Í starfsmannaviðtölum er m.a. farið yfir líðan starfsmanns í vinnunni og samskipti við börn og samstarfsfólk. Einnig er rætt um óskir starfsmanns í sambandi við símenntun.

Samstarf við grunnskóla Reykjanesbæjar

- Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla hefur það markmið m.a. að tengja skólastigin saman, skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum og ekki síst að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla. Skipulag samstarfs á milli leik- og grunnskóla er til fyrirmyndar og voru skipulagsfundir tveir þetta árið. Sá fyrri var haldinn 30. ágúst í Garðaseli þar sem leikskólakennarar frá Garða- og Heiðarseli ásamt deildarstjóra í Heiðarskóla, ræddu tilhögun vetrarins og settu niður tíma fyrir hinar ýmsu heimsóknir í leik- og grunnskóla. Í kjölfarið var útbúið skjal um allar heimsóknir og samstarf Heiðarskóla og leikskólanna tveggja og það sent til Fræðsluskrifstofu. Seinni fundurinn var 23. maí en þá hittust kennarar beggja skólastiga ásamt sérkennslustjóra Reykjanesbæjar í Fjölskyldusetrinu. Þar var farið yfir gátlista/matsblöð sem leikskólakennarar skila af sér til grunnskólakennara um hvert og eitt barn sem byrjar grunnskólagöngu haustið 2017. Þess á milli voru tölvusamskipti notuð.

Samskipti Garðasels og heimaskólans, Heiðarskóla, veturinn 2016 - 2017

- Nemendur úr 5. bekk Heiðarskóla lásu fyrir nemendur Garðasels á alþjóðadegi læsis, 8. september. Heiðarskóli stóð fyrir gróðursetningu trjáplantna í Gryfjunni á degi íslenskrar náttúru, 16. september. Farið var í kynningarheimsókn í Heiðarskóla þar sem börnin fengu meðal annars að skoða sundlaugina, auk þess var farið í tölvuver skólans og börnin fengu að sitja eina kennslustund í 1. bekk. Einnig var farið í heimsóknir í íþróttahúsið, með og án íþróttakennara. Elstu börnunum okkar var boðið á jólaleikrit í Heiðarskóla 13. desember 2016 og þar skiptust Garðasel, Heiðarsel og 1. bekkingar á jólakortum. Föstudaginn 5. maí fengu verðandi grunnskólanemendur að borða hádegismat í Heiðarskóla og var það þeim mikil upplifun. Í matinn var grjónagrautur og brauð með áleggi. Til stóð að hafa í fyrsta sinn uppskeruhátíð leik- og grunnskóla í maí en henni var frestað til næsta árs.

Heimsóknir elstu barna í aðra grunnskóla:

- Heimsókn í Njarðvíkurskóla 14. apríl
- Heimsókn í Myllubakkaskóla 9. maí.
- Heimsókn í Háaleitisskóla var engin þetta árið (nemendum ekki boðið)
- Heimsókn í Holtaskóla var engin þetta árið (nemendum ekki boðið)

Nemar frá Háskóla Íslands

- Alexandra Marý Hauksdóttir, kennaranemi við Háskóla Íslands, var í verknámi hjá okkur 24. október – 2. nóvember og 27. febrúar – 17. mars.
- Helga Jóna Traustadóttir, kennaranemi við Háskóla Íslands, var í verknámi hjá okkur 24. október – 2. nóvember og 27. febrúar – 17. mars.
- Saga Hilma Sverrisdóttir, kennaranemi við Háskóla Íslands, var í verknámi hjá okkur 31. október – 7. nóvember.

Samstarf þetta árið var við:

- Grunnskóla Reykjanesbæjar. Brúum bilið – nemar í starfskynningu
- Berglindi Ósk Guðmundsdóttur talmeinafræðing sem hefur tekið að sér að málþroskaprófa börn í Garðaseli fyrir Fræðsluvið Reykjanesbæjar
- Heilsugæslu Suðurnesja
- Fræðsluvið Reykjanesbæjar- og bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
- Leikskóla Reykjanesbæjar
- Keflavíkirkirkju
- Bókasafn Reykjanesbæjar
- Brunavarnir Suðurnesja
- Fjölbrautarskóla Suðurnesja – nemar á uppeldisfræðibraut
- Háskóla Íslands
- Lögregluna – umferðarfræðsla
- Atvinnumiðlun og Svæðismiðlun Reykjanesbæjar
- Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar
- SBK
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Öryggismál

- Securitas hefur umsjón með bruna- og þjófavörnum í leikskólum í Reykjanesbæ.
- Öryggisfulltrúi leikskólans er Fjóla Ævarsdóttir en hennar hlutverk er að yfirfara leikvöll og húsnæði og finni hún eitthvað sem betur má fara, þá er því komið á framfæri og kippt í liðinn hið snarasta.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem og Vinnueftirlit ríkisins komu í vetur og gerðu úttekt á öryggisatriðum.

Viðhald og breytingar

Nýr dúkur lagður á aðalrými á Þúfu og Lundi í nóvember 2016. Ekki var um meiriháttar breytingar eða stór viðhaldsverkefni að ræða á starfsárinu. Minniháttar viðhaldi og viðgerðum var sinnt eftir þörfum.

Endur- og símenntun starfsmanna.

- Námskeið um Vináttu sem er vináttuverkefni Barnaheilla var haldið á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði 10. ágúst 2016 í Myllubakkaskóla. Birna Ómarsdóttir, Ruth Kristjánsdóttir og Anna María Sanders sátu námskeiðið.

- Námskeið um kvíða í skólaumhverfinu var haldið á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði 10. ágúst 2016 í Gerðaskóla. Rannveig Arnarsdóttir, Eiríka S. Jónsdóttir, Sigrún Ósk Magnúsdóttir og Sigríður Ásta Pedersen sátu námskeiðið.
- Fyrirlesturinn: *Hvernig skapa má eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir fagfólk í leik- og grunnskólum* var haldinn á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði 10. ágúst 2016 í Íþróttakademiunni. Ingibjörg Guðjónsdóttir, B. Sif Stefánsdóttir, Ágústa Björgvinsdóttir, Rannveig Arnarsdóttir, Guðrún K. Jónsdóttir og Fjóla Ævarsdóttir sóttu fyrirlesturinn.
- Námskeið um kennslu nemenda af erlendum uppruna var haldið á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði 11. ágúst 2016 í Holtaskóla. Fjóla Ævarsdóttir og Halldóra Ríkey Júlíusdóttir sóttu námskeiðið.
- Námskeið um útikennslu var haldið á endurmenntunardögum leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði 11. ágúst 2016 í Akurskóla. Guðríður Dögg Pétursdóttir og Sigurbjörg Unnarsdóttir sóttu námskeiðið.
- Haustfundur leik- og grunnskóla var haldinn 11. ágúst 2016 í Stapa. Stjórnendur leikskólans, Ingibjörg Guðjónsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir, sátu fundinn.
- Námskeið um myndræna boðskiptakerfið PECS (Picture Exchange Communication System) var haldið í Laugarneskirkju fimmtudaginn 8. september og föstudaginn 9. september. Birna Ómarsdóttir, Aleksandra R. Jankovic, Ásta J. Grétarsdóttir, María Ósk Pálsdóttir og Sigríður Pedersen sátu námskeiðið.
- Nýliðanámskeið í LAL (Leikur að læra) var haldið í Laugarnesskóla miðvikudaginn 14. september. Birna Ómarsdóttir, Aleksandra R. Jankovic, Ásta J. Grétarsdóttir, María Ósk Pálsdóttir, Ísabella Sif Jensdóttir, Aldís Helga Rúnarsdóttir, Krystyna K. Árnason og Sigríður Pedersen fóru á námskeiðið.
- Námskeið um skráningu í Heilsubók var haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd föstudaginn 30. september. Ruth Kristjánsdóttir, Sigurbjörg Unnarsdóttir, Anna María Sanders og Guðríður Dögg Pétursdóttir sóttu námskeiðið.
- Hádegisfyrirlestur í boði MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) var haldinn miðvikudaginn 2. nóvember 2016 sem bar heitið: *Er góður starfsandi lykillinn að velgengni fyrirtækja? – Kjaftagangur, klíkumyndun og baktal*. Eyþór Eðvarðsson stjórnendapjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun hélt fyrirlesturinn. Ingibjörg Guðjónsdóttir, B. Sif Stefánsdóttir, G. Ágústa Björgvinsdóttir, Rannveig Arnardóttir og Fjóla Ævarsdóttir sóttu fyrirlesturinn ásamt þremur nemum sem voru í vettvangsnámi hjá okkur.
- Leikur að læra – dagurinn var haldinn laugardaginn 5. nóvember 2016 í Krikaskóla í Mosfellsbæ og var hann fyrir alla leik- og grunnskóla sem nota LAL-aðferðina og eru hluti af Leikur að læra-liðinu. Allt starfsfólk Garðasels mætti þennan dag fyrir utan tvær sem voru erlendis. Dagurinn hófst á því að Kristín Einarsdóttir, höfundur LAL-aðferðarinnar setti daginn og í kjölfarið fengu allir þátttakendur fyrirlestur um læsi og annað nám í leikskólum sem Elsa Pálsdóttir, læsisráðgjafi hjá MMS, sá um. Eftir það var farið í málstofur sem starfsfólk hafði valið sér fyrirfram. Á meðan á fyrstu málstofunni stóð funduðu stjórnendur leikskólanna með gæðastjóra LAL. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Garðasels sátu þann fund. Eftir hádegismat voru tvær aðrar málstofur sem starfsfólk var einnig búið að velja sér fyrirfram.
- Kynning á stimpilklukkukerfinu Vinnustund var haldið fyrir allt starfsfólk 9. og 10. nóvember 2016. Kerfið var tekið upp í Garðaseli 15. nóvember 2016.

- Halldóra Ríkey Júlíusdóttir og Linda Hlín Heiðarsdóttir kynntu sér aðferðir LAL (Leikur að læra) á leikskólanum Gimli miðvikudaginn 30. nóvember 2016, þær fengu kynningu á leikskólanum og voru með í hópastarfi þar sem aðferðir LAL voru notaðar. Leikskólastjóri og leikskólakennari tóku á móti þeim og kynntu þeim starfið.
- EFI-námskeið var haldið í Íþróttakademíunni miðvikudaginn 18. janúar 2017. Fjóla Ævarsdóttir, Guðrún K. Jónsdóttir, Auður Bjarnadóttir og Anna María Sanders sátu námskeiðið sem er réttindanámskeið til að gera EFI-próf á börnunum.
- Námskeið um Orðaspjallsaðferðina var haldið 25. janúar og 15. febrúar 2017 í Fjölskyldusetrinu við Skólaveg. Ruth Kristjánsdóttir, Sigrún Ósk Magnúsdóttir, Auður Bjarnadóttir og Anna María Sanders sóttu námskeiðið.
- Hádegisfyrirlestur í boði MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) var haldinn fimmtudaginn 6. apríl 2017 og fjallaði um: *Mikilvægi liðsheildar*. Fjallað var um hvað atvinnulífið getur lært af íþróttunum þegar kemur að uppbyggingu liðsheildar og hvernig þau fræði geta nýst innan fyrirtækja og stofnanna. Hafrún Kristjánsdóttir lector og sviðsstjóri íþróttufræðisvið við Háskólann í Reykjavík hélt fyrirlesturinn. Ingibjörg Guðjónsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir sóttu fyrirlesturinn.
- Námskeið um AEPS var haldið miðvikudaginn 3. maí og fimmtudaginn 4. maí 2017. Ágústa Björgvinsdóttir sótti námskeiðið.
- Aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var föstudaginn 12. maí. Leikskólinn Háaleiti á Ásbrú hélt aðalfundinn. Fundarstjóri var Ingunn, leikskólastjóri Garðasels á Akranesi. Ingibjörg Guðjónsdóttir og B. Sif Stefánsdóttir, meðstjórnandi í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla, sátu fundinn.
- Námskeið um atferlisaðferð með einhverfum börnum var haldið á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í leikskólanum dagana 19. og 20. júní 2017. Námskeiðið var ætlað starfsfólki ásamt foreldrum einhverfs drengs sem er nemandi í Garðaseli. Birna Ómarsdóttir, Sigurbjörg Unnarsdóttir, Rannveig Arnarsdóttir og Ásta J. Grétarsdóttir sátu námskeiðið.

Ytra mat Menntamálastofnunar

- Garðasel hefur sótt um tvisvar sinnum að fá framkvæmt ytra mat í leikskólanum og fékk það verkefni á fyrstu vikum ársins 2017. Dagana 24.-26. janúar 2017 fór fram ytra mat sem unnið var á vegum Menntamálastofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í skýrslunni kemur fram að í leikskólanum Garðaseli fari fram gott leikskólastarf, heilsustefna leikskólans birtist vel í starfinu og að markvisst sé unnið að framtíðarsýn Reykjanesbæjar um læsi og stærðfræði. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, telja að upplýsingagjöf sé góð sem og starfið í heild. Tekið var eftir því að virðing og umhyggja er fyrir börnunum og að samvinna væri góð sem og skólabragur. Metnaður starfsfólks fyrir góðu starfi var sýnilegur. Sérstaklega ber að nefna að matsaðilum þótti til fyrirmyndar hvernig deildarstjórar skipuleggja starfið á deildunum og hvernig sérkennslumálum væri háttað. Með ytra mati var helst hægt að benda á að styrkja innra mat leikskólans og vinna út frá áætlunum þar sem markvissari sýn væri á hvernig gangi að vinna að markmiðum skólans.

Lokaorð

Heilsuleikskólinn Garðasel hefur átt skemmtilegan og annasaman vetur og helst ber að nefna framkvæmd ytra mats Menntamálastofnunar sem fór fram í janúar. Leikskólinn fékk mikið hrós fyrir það starf sem hér er unnið.

Mikil vinna var í aðdraganda ytra matsins auk þess sem ýmis tækifæri leikskólans til umbóta verða höfð að leiðarljósi meðal starfsfólks, barna og foreldra næstu mánuði. Framundan eru ótal tækifæri til að styrkja gott leikskólastarf.

Viðingarfyllst,

B. Sif Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri.